

- LEIKSKÓLINN TEIGASEL -



[SKÓLANÁMSKRÁ]





Efnis- yfirlit

Efnisyfirlit	2
1. Lög um leikskóla	4
2. Leiðarljós leikskólans	4
3. Grunnþættir menntunar	5
3.1 Læsi	
3.2 Sjálfbærni	
3.3 Lýðræði og mannréttindi	
3.4 Jafnrétti	
3.5 Heilbrigði og velferð	
3.6 Sköpun	
4. Samþætt og skapandi leikskólastarf	7
4.1 Læsi og samskipti	
4.2 Heilbrigði og vellíðan	
4.3 Sjálfbærni og vísindi	
4.4 Sköpun og menning	
5. Leikskólinn Teigasel	10
5.1 Almennar upplýsingar	
5.2 Nafngiftir	
5.3 Merki leikskólans	
5.4 Deildir og dvalartími	
5.5 Trúnaður	
5.6 Hagnýtar upplýsingar um skólann	
5.7 Opnunartími	
5.8 Forföll nemenda	
5.9 Sérfræði í leikskólum	
5.10 Lyfjagjafir í leikskólum	
5.11 Afmælis dagar nemenda	
5.12 Fataherbergi og fatnaður	
6. Nám í leikskóla	14
6.1 Leikskólanám	
6.2 Leikur, vinna og nám	
6.3 Nám í leik	
6.4 Nám í daglegu lífi	
6.5 Nám í samskiptum	
6.6 Nám í skapandi starfi og skapandi hugsun	
6.7 Perlan - barnið í brennidepli	
7. Daglegt nám í lífi nemenda	17
7.1 Upphaf og lok dags	
7.2 Sjálfshjálp í fataherbergi	
7.3 Hópatímar	
7.4 Hreinlæti	
7.5 Matartímar	
7.6 Samvera og hvíld eftir matinn	
7.7 Umgengni	
7.8 Samverustundir	
7.9 Útivera	
7.10 Dagskipulag	
8. Stefna Teigasels	20
8.1 Opinn efniviður	
8.2 Stærðfræði	
8.3 Könnunarleikurinn	
8.4 Lífsleikni	
8.5 Könnunaraðferðin	
8.10 Útikennsla	



9.	Sérkennsla	25
10.	Atferlisþjálfun - móðurskóli	25
11.	Umhverfisstefna Teigasels	26
12.	Á grænni grein	27
13.	Viðburðir	27
	13.1 Afmæli leikskólans	
	13.2 Umferðarfræðsla	
	13.3 Vökudagar	
	13.4 Dagur íslenskrar tungu	
	13.5 Jólaskemmtun	
	13.6 Þorri	
	13.7 Tannverndarvika	
	13.8 Dagur stærðfræðinnar	
	13.9 Dagur leikskólans	
	13.10 Öskudagurinn	
	13.11 Dagur umhverfisins	
	13.12 Vorskóli	
	13.13 Fjölskyldudagurinn – opið hús	
	13.14 Árgangahittingur leikskólabarna á Akranesi	
	13.15 Sveitaferð	
	13.16 Útskrift 6 ára barna	
	13.17 Sjómannadagurinn	
14.	Brúum bilið - tengsl skólastiga	30
15.	Starfsáætlun og viðburðadagatal	30
16.	Mat á leikskólastarfi	31
	16.1 Innra mat í leikskóla	
	16.2 Ytra mat í leikskóla	
17.	Foreldrasamstarf	32
	17.1 Nýir nemendur	
	17.2 Þátttökuaðlögun	
	17.3 Foreldraráð	
	17.4 Foreldrafélag	
	17.5 Foreldraviðtöl	
	17.6 Skagaforeldrar	
18.	Heimasíða	35
19.	Samstarfsaðilar	36
	19.1 Aðrir leikskólar	
	19.2 Bókasafn Akraness	
	19.3 Brekkubæjarskóli	
	19.4 Byggðasafnið að Görðum	
	19.5 Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	19.6 Fjölskyldusíð	
	19.7 Grundaskóli	
	19.8 Samstarf við greiningaraðila – stoðþjónusta	
	19.9 Samstarf við háskóla	
	19.10 Samstarf við heilsugæslu	
	19.11 Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar	
	19.12 Tveir Gómar - tannlæknastofan við Laugarbraut	
	Heimildaskrá	41



1. Lög um leikskóla

Ný Aðalnámskrá var gefin út af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu árið 2011 og í kjölfar þess hófst vinna að nýrri skólanámskrá í leikskólanum Teigaseli. Allt starfsfólk leikskólans tók þátt í þeirri vinnu ásamt því að foreldraráðið las hana yfir og þökkum við þeim fyrir.

Aðalnámskrá leikskóla er gerð á grundvelli 13. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008. Efnislega byggist hún á markmiðum 2. gr. laga um leikskóla og er ætlað að vera leiðarvísir fyrir leikskólastarf. (Aðalnámskrá 2011. bls.7).

Aðalnámskrá byggir á lögum um leikskóla (nr. 90/2008), grunnskóla (nr. 91/2008) og framhaldsskóla (nr. 92/2008). Aðalnámskrá er rammi utan um skólastarfið á þessum skólastigum og leiðsögn um tilgang starfsins og markmið þess. Hún birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögnum.

Aðalnámskrá er ætluð stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki í skólakerfinu. Einnig veitir hún nemendum, foreldrum, opinberum stofnunum, félagasamtökum, aðilum atvinnulífsins og almenningi upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla. Segja má að Aðalnámskrá sé samningur þjóðarinnar um menntamál (Aðalnámskrá 2011. bls.7).

2. Leiðarljós leikskólans

Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar. Sá tími sem barnið ver í leikskólanum er mikilvægur þáttur í námi og þroska þess. Í samvinnu við foreldra á leikskólinn að einsetja sér að fylgjast með og efla alhliða þroska allra barna.

Mikilvægt er að leikskólinn bjóði upp á hvetjandi uppeldisumhverfi og stuðli að öryggi barna og vellíðan þeirra. Leggja skal áherslu á styrkleika barna og hæfni þeirra undir leiðsögn kennara. Forvarnarstarfi skal sinnt með því að stuðla markvisst að velferð barnanna og farsælli leikskólagöngu. Mikilvægt er að hvert barn fái að njóta sín og kennari geri viðeigandi ráðstafanir ef þörf þykir og nýti þá stoðþjónustu sem leikskólinn hefur upp á að bjóða. Hugtökin uppeldi, umönnun og menntun mynda eina heild í leikskólastarfinu.


Borin er virðing fyrir börnunum, þeim sýnd umhyggja og hvatning og þau fá í hendur viðfangsefni sem hæfir þeirra aldri. Öll börn eru fullgildir þátttakendur í samfélagi leikskólans (Aðalnámskrá 2011).



Í Aðalnámskrá eru settir fram sex grunnþættir menntunar sem eru leiðarljós við námskrárgerðina. Grunnþættirnir eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag.

Allt nám sem fram fer í leikskólanum á að endurspegla grunnþættina. Leikskólanum ber að flétta saman áherslur þeirra inn í allt daglegt starf, leik og nám barna. Mikilvægt er að taka mið af barninu sjálfu, getu þess og þroska.

Nýja námskráin er ólík þeirri gömlu að því leyti að hún boðar nýja menntastefnu sem inniheldur sex grunnþætti en þeir eru:



3.1 Læsi

Hverjum einstaklingi er mikilvægt að vera læs á sitt samfélag/umhverfi. Læsi felur í sér þekkingu, leikni og hæfni einstaklings til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.

3.2 Sjálfbærni

Með sjálfbærni er átt við það að við höfum jörðina að láni og þurfum að nýta hana af virðingu og skila henni í góðu ástandi til komandi kynslóða.

*„Þú hefur ekki fengið landið til eignar frá foreldrum þínum;
þú hefur það að láni frá börnum þínum“*

(Gamalt orðatiltæki frá Kenýa).

Með sjálfbærni er einnig átt við að allir standi jafnfætis sama hvaðan þeir koma. Ef allir eru jafnir er hægt að vinna bug á fátækt, stuðla að friði og tryggja jöfn lífsskilyrði

3.3 Lýðræði og mannréttindi

Lýðræði merkir að allir hafi frelsi til að tjá sig og segja skoðun sína. Í leikskólanum ber að gefa nemendum tækifæri til að kynnast lýðræðislegum vinnubrögðum. Þannig öðlast þau skilning á hvað lýðræði felur í sér.

3. Grunnþættir menntunar



3.4 Jafnrétti

Jafnrétti felur í sér að allir eigi sama tilverurétt, sama hvernig þeir eru og hvaðan þeir koma. Mikilvægt er að barnið geti staðið með sjálfu sér, haft val um verkefni og lært að sýna samkennd.

3.5 Heilbrigði og velferð

Með heilbrigði og velferð er átt við að börn tileinki sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Umhyggja er stór þáttur í starfi leikskóla og mikilvægt er að kennari myndi náin og góð tengsl við börnin. Þetta er liður í því að byggja upp góða og jákvæða sjálfsmynd hjá börnum. Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að starfsfólk tileinki sér heilbriggt líferni og er því starfandi heilsuteymi á meðal starfsfólks.

3.6 Sköpun

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni og athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir og tilfinningar fá að njóta sín.



Í gegnum leikinn og í daglegu starfi leikskólans læra börnin bæði úti og inni í samvinnu við önnur börn með hvatningu og stuðningi frá kennurum. Í öllu starfi leikskólans eiga námssviðin að vera samþætt og samofin og taka mið af sex grunnþáttum menntunar.

Námsviðin eru fjögur og eru þau:

- læsi og samskipti
- heilbrigði og vellíðan
- sjálfbærni og vísindi
- sköpun og menning

4.1 Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur og nota ýmsar aðferðir til að tjá sig í samskiptum við aðra í samfélaginu. Læsi er mikilvægur þáttur samskipta og felur í sér að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja og túlka. Barn þarf að búa yfir hæfni til að tjá hugsanir sínar og skoðanir, tilfinningar og langanir og þannig að taka þátt í að móta umhverfi sitt.

Í daglegu starfi tileinka kennarar og nemendur sér tákni með tali. Sjónrænt skipulag er sett upp sem styður við málskilning nemenda og auðveldar þeim að sjá hvað er framundan. Unnið er með læsi og samskipti í öllu daglegu starfi í Teigaseli.

Lesið er fyrir börnin á hverjum degi og lagt er upp með að bækur séu við hæfi og þroska þeirra. Á meðan lestri stendur ræðum við um innihald sögunnar og rifjum upp eftir því sem aldur og þroski barnanna leyfir. Með því að endursegja söguna þá þjálfast þau í að segja frá og hlusta og minni þeirra eflist.

Í Teigaseli er unnið með stærðfræði á öllum deildum leikskólans. Börnin læra t.d. með því að telja og vinna að þrautalausnum. Stærðfræðiþrautir og verkefni fara eftir aldri og þroska barnanna. Inni á deildum eru tölustafir og bókstafir sýnilegir.

Í gönguferðum er lögð áhersla á að tala við börnin um það sem þau sjá og upplifa hverju sinni. Lagt er upp með að þau læri heiti á hinum og þessum stöðum sem þau sjá í nærumhverfi sínu, svo sem byggingum, götum, fjöllum, fjörum, gróðri og öðrum kennileitum.

4. Samþætt og skapandi leikskólastarf



4.2 Heilbrigði og vellíðan

Velferð barna skiptir miklu máli og að þau finni umhyggju, hlýju og njóti virðingar. Góð líðan er forsenda þess að barn vaxi, dafni og þroskist á eðlilegan hátt í leik og starfi.

Meirihluti barna eyðir stórum hluta dagsins í leikskóla. Mikilvægt er að stuðla að heilbrigði og vellíðan þeirra á meðan þau dvelja þar.

Í Teigaseli er lögð áhersla á að börnin borði hollan og góðan mat. Matráður reynir eftir bestu getu að elda allan mat frá grunni til þess að nýta sem best alla þá næringu sem er í fæðunni. Það skiptir máli fyrir börn sem eru að vaxa og þroskast að fá sem mest af vítamínum og trefjum. Börnin hafa greiðan aðgang að drykkjarvatni á deildunum.

Góð hreyfing hefur áhrif á líðan en leitast er við að börnin fái útrás fyrir hreyfingu á hverjum degi, úti eða inni. Með því að gefa börnum tækifæri til að hreyfa sig á sem fjölbreyttastan hátt í ólíkum aðstæðum þá efla þau grófhreyfingar, úthald, þor, einbeitingu, styrk, jafnvægi, samhæfingu og liðleika.

Elsti árgangur fer í leikfimi einu sinni í viku undir leiðsögn leikfímiskennara í íþróttahúsinu við Vesturgötu. Einnig er í boði sundnámskeið fyrir elsta árganginn og er það haldið að vori í samstarfi við Sundfélag Akraness.

Hvíld er mikilvægur þáttur í daglegu lífi. Yngstu börnin fara að sofa eftir hádegismat, hvert barn fær dýnu sem leikskólinn leggur til en börnin koma með sæng, koddar og kúrudýr að heiman. Eldri börnin fara í samveru þar sem er lesið fyrir þau og lagt er upp með að þessar stundir séu notalegar og rólegar. Nauðsynlegt er að börn fái næðisstund yfir daginn og eru þessar samverur hvíldarstundir eldri barna.

4.3 Sjálfbærni og vísindi

Vistspor er það spor sem hver einstaklingur skilur eftir sig á þessari jörð. Menntun í sjálfbærni miðar að því að einstaklingar takist á við viðfangsefni er lúta að samspili umhverfis og félagslegra þátta. Í því felst skilningur á samfélagið í heild sinni, náttúrunni og vistfræðilegum takmörkunum jarðarinnar.

Börn nota fjölbreyttar aðferðir til að kanna umhverfi sitt, skynja og skilja. Mikilvægt er að leikskólinn skapi börnum umhverfi þar sem þau fá tækifæri til að upplifa, kanna og taka þátt í félagslegum samskiptum.



Börnum er það eðlislægt að kanna sitt nánasta umhverfi. Þau gera það með því að snerta, horfa, hlusta, bera saman, flokka, rannsaka, og upplifa. Mikilvægt er að kenna þeim að bera virðingu fyrir náttúrunni. Það sem tekið er úr náttúrunni þarf að skila til baka eins og hægt er. Með vísindanámi læra börn á náttúruna eins og hún er í hverri árstíð fyrir sig. Með því að læra á náttúruna í kringum sig þá öðlast þau meiri þroska.

4.4 Sköpun og menning

Í Teigaseli leggjum við áherslu á að sköpunargleði barnanna fái að njóta sín í öllu daglegu starfi. Við gerum börnunum kleift að nálgast viðfangsefnið frá ólíkum hliðum og á eigin forsendum. Hlutverk kennarans er að finna leiðir til að hvetja nemendur til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða. Efniviður er hafður aðgengilegur fyrir nemendur og þannig geta þau skapað að eigin vild. Með frjálrsræði ná nemendur að þroska hæfileika sína og hugmyndaflug.

Í leikskólanum hafa skapast hefðir sem eru orðnar hluti af menningu leikskólans en hefðirnar mótask af þeim börnum og starfsfólki sem hafa verið í leikskólanum gegnum tíðina. Lagt er upp með að lesa bækur og ævintýri, kenna þulur og söngtexta en einnig nýtum við sögur úr nærumhverfi okkar.






5. Leikskólinn Teigasel

Akraneskaupstaður er rekstraraðili leikskólans, en samkvæmt lögum nr. 90/2008 bera sveitarfélög ábyrgð á starfsemi leikskóla.

Skipurit Teigasels



5.1 Almennar upplýsingar

Leikskólinn Teigasel tók til starfa 6. september 1998.

Heildarflatarmál leikskólans er 473 m², en leik- og kennslurými er 215,5 m². Samkvæmt reglugerð mega vera allt að 72 nemendur samtímis í leikskólanum.

Leikskólinn er að lögun eins og bókstafurinn T. Hann skiptist í þrjár deildir, ein deild í hverri álmu. Í miðju hússins er salur, eldhús og starfsmannarými. Sér inngangur er inn á hverja deild. Gestir og þjónustuaðilar ganga inn frá Laugarbraut.

5.2 Nafngiftir

Leikskólinn dregur nafn sitt af bænum Efri-Teig, sem oftast var nefndur Teigakot og hefur eflaust verið með elstu býlum á Skaga (staðsettur nálægt Akursbraut) og var hann síðasti torfbærinn á Akranesi. Nöfn deildanna bera nöfn gamalla jarða eða býla á Akranesi; *Háteigur*, *Miðteigur* og *Teigakot*. Þess má til gamans geta að leikfangaskúrin ber nafnið *Litli-Teigur*, sem einnig er nafn á gömlu býli á Akranesi.

5.3 Merki leikskólans

Merki leikskólans er mynd af útilistaverki sem er á lóð leikskólans. Listaverkið ber nafnið „Hnöttur“ og er höfundur þess Philippe Ricart. Verkið er til-einkað fyrsta dagheimili Akraness sem stóð á lóð Teigasels og var upphaflega rekið af Kvenfélagi Akraness.





5.4 Deildir og dvalartími

Deildir leikskólans eru aldursskiptar.

- Teigakot, 2ja-3ja ára börn.
- Miðteigur, 3ja-4ra ára börn.
- Háteigur, 4ra-5 ára börn.

Dvalartími barna er misjafn, allt frá 4 klst. upp í 9,5 klst.

Hægt er að sækja um breytingu á dvalartíma hjá leikskólastjóra eða deildarstjóra.

Samkvæmt verklagsreglum er gert ráð fyrir að nemendur taki fjögurra vikna samfelldt sumarleyfi frá leikskóla. Leikskólarnir eru lokaðir fjóra daga á ári vegna skipulags- og fræðsludaga. Þeir dagar skulu valdir með tilliti til skipulagsdaga í grunnskólum eða þegar grunnskólanemendur sækja ekki skóla. Leikskólagjald er ekki felld niður vegna þessara skipulagsdaga.

Sækja þarf sérstaklega um lægra leikskólagjald vegna hjúskaparstöðu eða náms. Einnig þarf að sækja sérstaklega um systkinaafslátt sem gildir milli dagforeldra, leikskóla, skóladagvistar, sérdeildar og lengdrar viðveru fyrir nemendur með fötlun í 5.-10. bekk. Afslátturinn reiknast af dvalargjaldi vegna leikskóla, sérdeildar eða skóladagvistar allt eftir aldri nemandans. Greitt er fullt gjald vegna yngsta barns og síðan koll af kolli.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður og miðast við 1. hvers mánaðar.

5.5 Trúnaður

Starfsfólk leikskóla Akraneskaupstaðar er bundið þagnarskyldu sem gildir þótt það láti af störfum. Foreldrar eru beðnir að sýna öðrum foreldrum og börnum þeirra þann trúnað að ræða ekki málefni þeirra utan leikskóla.

Með tilkomu allra samfélagsmiðla þá viljum við árétta það við foreldra að þær myndir og upptökur sem þeir taka á viðburðum skólans séu eingöngu til einkanota og ekki til birtingar á veraldarvefnum.



5.6 Hagnýtar upplýsingar um skólann

Heimilisfang: Laugarbraut 20, Akranesi

Aðalsímanúmer skólans: 433-1280

Aðstoðarleikskólastjóri: 433-1281

Eldhús: 433-1282

Kaffistofa: 433-1283

Undirbúningsherbergi: 433-1284

Háteigur: 433-1285

Miðteigur: 433-1286

Teigakot: 433-1287

Leikskólastjóri: Margrét Þóra Jónsdóttir

Netfang: margret.thora.jonsdottir@akranes.is

Aðstoðarleikskólastjóri / sérkennslustj.: Guðrún Bragadóttir

Netfang: gudrunbraga@akranes.is

Heimasíða: www.teigasel.is

5.7 Opnunartími

Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30-17:00. Opnað er á Teigakoti kl. 7:30 en Miðteigur og Háteigur opna kl. 7:45. Deildirnar eru sameinaðar kl. 16:15 og er börnunum skilað inni á Teigakoti.

5.8 Forföll nemenda

Forráðamenn tilkynna forföll nemenda til leikskólans Teigasels í síma 433-1280 eða á netfangið teigasel@akranes.is. Jafnframt er hægt að hringja beint inn á deild barnsins eftir kl. 8:00.

Innivera barns er á ábyrgð foreldra og kennarar leikskólans treysta foreldrum til að meta þörf barnsins fyrir inniveru.

5.9 Sérfæði í leikskólum

Í þeim tilfellum þegar barn þarf sérfæði vegna fæðuofnæmis, óþols eða sjúkdóma, ber foreldrum samkvæmt starfsreglum Akraneskaupstaðar að framvísa læknisvottorði frá barna- eða ofnæmislækni til leikskólastjóra og skal það endurnýjað einu sinni á ári.

5.10 Lyfjagjafir í leikskólum

Samkvæmt starfsreglum Akraneskaupstaðar eru börnum ekki gefin lyf nema læknir meti að tímasetningar lyfjagjafar þurfi að koma inn á leikskólatíma barnsins.

5.11 Afmælis dagar nemenda

Afmælisdagurinn er stór dagur í lífi barnsins. Í leikskólanum er ýmislegt gert til að gera daginn eftirminnilegan. Boðið er upp á að



barnið komi með afmælis sögu að heiman sem inniheldur t.d. sögu af barninu sjálfu eða einhverju sem það vill segja frá. Barnið gerir kórónu og sérstök afmælis samvera er haldin. Þar er kveikt á kertum, lesin afmælis saga, afmælis söngurinn sunginn og barnið fær að velja sér óskalög. Kennari fer út með barninu og aðstoðar það við að draga íslenska fánann að húni. Barnið fær einnig þann heiður að vera aðstoðarmaður í hádegi á Miðteig og einnig í nónhressingu á Háteig. Í alstund sem er haldin síðasta föstudag í mánuði er sungið fyrir afmælis börn mánaðarins og býður leikskólinn upp á afmælis köku eftir hádegismatinn.

Ef barn vill bjóða heim í afmælis veislu má setja boðsmíða í hólfi barnanna ef verið er að bjóða öllum börnunum á deildinni, einnig ef öllum stelpunum eða öllum strákunum er boðið.

5.12 Fataherbergi og fatnaður

Í fataherbergi er plastkassi undir aukaföt í hólfi hvers barns. Mikilvægt er að merkja allan fatnað barnsins og koma með skó- og úti-fatnað sem hentar íslensku veðri. Mikilvægt er að ganga frá hólfi barnsins í lok dags og setja skófátnað í poka sem hangir í hólfinu. Óhrein fót þarf að taka heim og þvo. Á föstudögum þarf að tæma fatahólf barnsins, taka allan fatnað þess og skó svo hægt sé að þrifa hólfin.





6. Nám í leikskóla

6.1 Leikskólanám

„Leyndarmál kennslunnar er að bera
virðingu fyrir nemandanum”.

- Ralph Waldo Emerson

Leikskólanám er samþætt nám þar sem námssvið og námsþættir fléttast inn í leik barnsins og daglegt líf í leikskólanum. Barnið er ávallt í brennidepli og starfshættir leikskólans eiga að taka mið af þroska þess og þörfum.

Leikskólanám á að efla alhliða þroska barnsins þar sem samtvinnast: hreyfifærni, tilfinningalíf, vitsmunir, félagsvitund, félags-hæfni, fegurðarskyn, sköpunarhæfni, siðgæði og lífsviðhorf.

Uppeldi og menntun leikskólabarna er samvinnuverkefni allra starfsmanna í leikskólanum, þar sem þeir leggjast á eitt um að skapa gott, hlýlegt og fræðandi námsumhverfi.

6.2 Leikur, vinna og nám

Leikur, vinna og nám eru hugtök sem fléttast saman á ýmsan hátt í leikskólastarfi. Börn á leikskólaaldri læra fyrst og fremst í gegnum leik og í daglegu starfi við eðlilegar og áþreifanlegar aðstæður. Þau þurfa að fá að njóta sín sem einstaklingar, en jafnframt að vinna saman, eignast vini og öðlast heilbrigða samkennd. Skipulag og búnaður leikskólans þarf að vera þannig úr garði gerður að hann veki áhuga og forvitni barnanna, efli sjálfstæði þeirra, frumkvæði, virkni og gleði.

6.3 Nám í leik

Fræðimenn eru sammála um að leikurinn sé helsta náms- og þroska-leið barnsins og þar er hinn frjálsi sjálfsprottni leikur æðstur allra leikja. Leikurinn er því kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Kennarar þekkja leik barna, þeir virða leikinn, hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja hvetjandi leikumhverfi. Upplifun barna glæðir leikinn lífi og innihaldi.

6.4 Nám í daglegu lífi

Leikskólanám er samþætt nám sem felur í sér að nemendur læri við mismunandi aðstæður. Stór hluti af leikskólastarfinu er fölginn í umönnun og daglegum venjum þar sem gefast mörg tækifæri til að



örva nám nemenda. Með því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust milli nemenda og kennara.

6.5 Nám í samskiptum

Samskiptahæfni er mannum nauðsynleg til þess að lifa og starfa með öðrum í sátt og samlyndi. Sjálfsmynd barna mótast hvað mest í samskiptum við annað fólk, bæði fullorðna og börn. Samkennd, tillitssemi og ábyrgðartilfinning eru mikilvægir þættir í félagsþroska barna. Kennarar eiga að stuðla að því að öll börn njóti sín í samskiptum og læri að taka tillit til annarra. Þeir eru einnig fyrirmyndir barna í orði og athöfnum.

6.6 Nám í skapandi starfi og skapandi hugsun

Að skynja, skilja og skapa er hæfni sem mikilvægt er að börn þrói með sér. Skipulag og búnaður leikskólans á að stuðla að því að vekja forvitni barnanna, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði og efla sjálfstæði þeirra. Með því að spyrja opinna spurninga og velta fyrir sér lífinu og tilverunni, hvetja kennarar börnin til skapandi hugsunar. Þeir þurfa einnig að skapa aðstæður til tjáningar og sköpunar í leik, máli, myndlist, tónlist, leiklist, hreyfingu og dansi. Þannig fá börnin tækifæri til að skynja umhverfi sitt, vinna með fjölbreyttan efnivið og öðlast margvíslega reynslu.





Námssviðin koma svo næst, þau eru:

- læsi og samskipti
- heilbrigði og vellíðan
- sjálfbærni og vísindi
- sköpun og menning

Leikurinn umlykur barnið í öllu starfi þess og námi. Grunnlitur perlunnar er ljósblár, litur vatnsins. Í því rými flýtur allt það sem tengir hina fjölbreyttu þætti leikskólastarfsins saman, þ.e. samþætt- ing. Leikurinn gárar vatnið og kemur öllu á hreyfingu. (Grunnurinn að Perlunni er unninn af Hrafnhildi Sigurðardóttur, en uppfærður af Sesselju Hauksdóttur í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 og Aðalnámskrá leikskóla 2011).



7.1 Upphaf og lok dags

Í Teigaseli er lagt upp úr því að taka vel á móti börnum og kveðja þau í lok dags þannig að börn og foreldrar finni að þau séu velkomin. Það skiptir miklu máli að fá hlýjar móttökur, með því myndast traust, öryggi og gleði sem hefur góð áhrif.

7.2 Sjálfshjálpi í fataherbergi

Við leggjum áherslu á að hvetja börn til að gera sem mest sjálf þegar þau eru að klæða sig í og úr. Í fataherbergi erum við með sjónrænt skipulag þar sem börnunum er kennt hvernig þau eiga að klæða sig eftir veðri og vindum. Með sjónrænu skipulagi verða börnin öruggari og læra að skipuleggja sig betur. Smám saman læra þau hvernig á að klæða sig eftir veðri. Mikilvægt er að leyfa börnum að gera sem mest sjálf, þannig öðlast þau góða færni í sjálfshjálpi og þjálfu gróf- og fínhyrfingar. Áhersla er lögð á að gefa hverju og einu barni þann tíma sem það þarf, að börnin séu í hæfilega stórum hópum í fataherbergi og að kennarinn sé þeim til hjálpar og leiðbeiningar.

7.3 Hópatímar

Skipulagt hópastarf er fjórum sinnum í viku að morgni, þar er unnið skipulega að markmiðum Aðalnámskrár.

7.4 Hreinlæti

Mikilvægt er að börn læri góðar hreinlætisvenjur í leikskólanum en að sjálfsögðu fer það eftir aldri og þroska barna hversu mikla aðstoð og eftirfylgni þau þurfa.

Kennarar leggja áherslu á að börn þvoi sér eftir salernisferðir, úti-vist og fyrir máltíðir. Einnig er lögð áhersla á almenna snyrtimennsku.

7.5 Matartímar

Við leggjum áherslu á að allir sitji fallega til borðs og sýni góða borðsiði. Matartíminn á að vera róleg stund þar sem kennari situr með börnunum og allir borða saman. Börnin eru hvött til þess að smakka allan mat. Við matarborðið skapast aðstæður til góðra samræðna og samskipta ásamt því að læra góða borðsiði. Börn sem hafa aldur og þroska til eru hvött til þess að hjálpa sér sjálf, svo sem hella sjálf í glös, skera matinn, nota hnífapör, skammta á diskinn og ganga frá eftir matinn, það er setja glös, diska og hnífapör á matarvagninn.

7. Daglegt nám í lífi nemenda



7.6 Samvera og hvíld eftir matinn

Það er mikilvægt að börnin fái hvíld yfir daginn og er lögð áhersla á að hafa rólega stund eftir hádegi þar sem allir hvílast. Tekið er tillit til þarfa hvers einstaklings, sum börn þurfa svefn en önnur rólega stund við leik eða lestur. Þau börn sem sofa fá dýnu og lak frá leikskólanum en þau koma með sæng, kodda og kúrudýr að heiman.

7.7 Umgengni

Góð umgengni og frágangur er mikilvægur þáttur í daglegu starfi í leikskólanum. Með því læra börnin að bera virðingu fyrir eigum sínum og annarra, hvort sem um er að ræða leikföng eða annan efnivið. Einnig er lögð áhersla á að barnið læri að ganga frá eftir matartíma með aðstoð kennara.

7.8 Samverustundir

Samverustundir eru nýttar til að lesa bækur, fara í ýmsa leiki, syngja og tala saman. Við förum yfir dagatalið, ræðum heiti daga, mánaða og árstíða. Samverustundir deilda eru á hverjum degi en tímasetningar þeirra eru misjafnar eftir deildum. Við leggjum áherslu á að börnunum líði vel í samveru og sníðum námsefni eftir getu þeirra, úthaldi og þroska.





7.9 Útivera

Í Teigaseli er lögð áhersla á að barnið fái notið útiveru að minnsta kosti einu sinni á dag. Í útiveru leika börn sér í frjálsum leik án mikilla afskipta kennarans. Útileiksvæðið býður upp á ýmsa möguleika hvort sem er til sjálfsprottinna leikja eða skipulagðra hreyfileikja. Lögð er áhersla á að börnin fari í gönguferðir í hverri viku. Vegalengdir gönguferða miðast við getu og þroska barnanna. Með því að fara í gönguferðir kynnast börnin nær- og fjærumhverfi sínu og þol þeirra eykst.

7.10 Dagskipulag

Dagskipulag er sá rammi sem við notum til að afmarka daglegar athafnir og er eins á öllum deildum. Hver deild útfærir dagskipulagið miðað við aldur og þroska barna.

7:30 - 7:45	Teigasel opnar á Teigakoti
7:45	Háteigur og Miðteigur opna og allir fara á sína deild
8:00 - 9:00	Morgunmatur og frjáls leikur
9:00 - 9:15	Samvera
9:15 - 11:00	Hópatími og útivera
11:00 - 11:20	Samvera, undirbúningur fyrir hádegismat
11:20 - 12:00	Hádegismatur
12:00 - 13:00	Yngstu börn sofa, sögustund og frjáls leikur
13:00 - 14:30	Leikur, úti og inni
14:20 - 15:00	Nónhressing
15:00 - 16:15	Leikur og róleg stund
16:15 - 17:00	Deildir sameinast inni á Teigakoti Leikur og ávextir



8. Stefna Teigasels

MARKMIÐ TEIGASELS

Að hér starfi *gladdir, virkir, ábyrgir, skapandi og gagnrýnir* einstaklingar sem beri *virðingu* fyrir sjálfum sér og öðrum.

Vestrænt samfélag tekur sífelldum breytingum og þarf leikskólinn ávallt að stilla strengi sína í takt við samfélagið eins og það er á hverjum tíma. Hlutverk leikskólans er að búa einstaklingana sem best undir framtíðina í samfélagi sem tekur örum breytingum. Hlutverk hans er einnig að jafna uppeldis- og námsskilyrði nemenda, sem öll eiga rétt á leikskólanámi á eigin forsendum.

Hugmyndafræði leikskólans er að virkja barnið með því að bjóða upp á opinn efnivið. Þannig hvetjum við barnið til gagnrýnnar hugsunar og örvum um leið sköpunar- og leikgleði þess. Leikurinn er aðal námsleið barnsins í sinni virku þekkingarleit. Með það að leiðarljósi leggur leikskólinn áherslu á þarfir, virkni og frumkvæði einstaklingsins, svo hann fái sem best notið sín.

8.1 Opinn efniviður

Opinn efniviður er efniviður og leikföng sem örva sköpunargleði barnanna, gerir þau meðvituð um sig og umhverfi sitt og eflir hugmyndaflug þeirra. Hann býður ekki upp á tilbúna fyrirfram ákveðnar lausnir, heldur er hægt að nota hann aftur og aftur á nýjan og ólíkan hátt. Efniviðurinn vekur forvitni hjá börnum sem síðan hvetur þau til að rannsaka efnið enn frekar og prófa sig áfram. Kubbabyggingar eru gott dæmi um opinn efnivið. Byggingarnar eru fyrst mjög einfaldar á meðan börnin eru að átta sig á eiginleikum kubbanna og þeim möguleikum sem þeir bjóða upp á. Síðar þróast byggingarnar og verða mun flóknari og meiri hugsun liggur að baki.

Dæmi um opinn efnivið: Einingakubbar, kubbar af ýmsum stærðum og gerðum, tuskur og teppi, Waldorfbrúður, bílar (einfaldir og helst úr tré), sandur, vatn, skeljar, leir, endurnýtanlegt efni (pappahólkar, eggjabakkar og fleira), pappír, skæri, málning, litir og þannig mætti endalaust telja. Þessu til viðbótar eru notuð ýmis kennslugögn (fyrir til dæmis sérkennslu) ásamt tölvu.

8.2 Stærðfræði

Stærðfræði er að finna alls staðar í starfi leikskóla og er hún samofin hinum ýmsu námsþáttum sem unnið er eftir samkvæmt Aðal-



námskrá leikskóla. Undanfarin ár hefur orðið mikil hugarfarsbreyting í notkun stærðfræði innan leikskóla og augu fólks opnast fyrir því hvað nemendur eru móttækilegir fyrir undrum stærðfræðinnar.

Í Teigaseli hefur verið unnið með stærðfræði og stærðfræðihugtök frá því skólinn var stofnaður. Haustið 2005 hafði Ólöf Björg Steinhórsdóttir, lektor við University of North Carolina, samband við okkur. Hún óskaði eftir þátttöku okkar, ásamt leikskólanum Sjónarhóli, í rannsókn sem hún var að vinna að og fjallaði um stærðfræðikennslu byggða á skilningi barna. Sú kennsla byggir á margra ára rannsóknum um lausnaleiðir barna á þrautum tengdum samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu. Þetta er ekki námsefni heldur hugmyndafræði um kennslu og byggir á að auðvelda kennurum að skilja hugsun barna og lausnaleiðir þeirra. Það sem einkennir þessa hugmyndafræði er að námið er í formi þrauta. Þrautalausnir eru bæði markmið og meginleið í kennslunni. Kennarinn hvetur til eigin lausnaleiða og að nemendur finni nýjar leiðir. Búið er að skipa stærðfræðiteymi sem á að halda utanum stærðfræðikennslu í leikskólanum.

Þó stærðfræðin tengist mikið daglegu starfi, notum við einnig ýmis kennslugögn til stærðfræðikennslu sem eru ýmist keypt eða heimatilbúin, meðal annars:

- Einingakubba
- Numicon - kubba
- Rökkubba
- Sætisgildiskubba
- Kapla kubba
- Ýmis spil, s.s. Yatzy, bingó o.fl.
- Talning í númeraða bakka
- Talnagrind, notuð við ýmis verkefni
- Flokkun eftir tölum, stærðum, litum og gerðum
- Ýmis kennsluforrit o.fl.

Á elstu deildinni hefur skapast hefð fyrir því að gera ýmsar kannanir og má þar nefna ýmsar talningaaðferðir, sem nemendur taka virkan þátt í og tengjast þekkingar- og reynsluheimi þeirra. Dæmi um það eru: Göttalning, mætingakönnun og faratækjakönnun.

Hér í Teigaseli hefur á undanförunum árum orðið mikil þróun í notkun stærðfræðinnar í leik og starfi með börnum. Við erum sífellt að koma auga á nýjar leiðir til að kynna hana fyrir börnunum á já-



kvæðan og skemmtilegan hátt. Teljum við að þau búi að þessum grunni þegar að grunnskólagöngunni kemur.

8.3 Könnunarleikurinn

Ung börn hafa mikla þörf fyrir að rannsaka og uppgötva hvað þau geta gert með mismunandi hluti. Til að þau geti stundað þessar rannsóknir sínar er mikilvægt að bjóða upp á fjölbreyttan efnivið.

Efniviðurinn sem boðið er upp á er margvíslegur svo sem keðjur af ýmsum stærðum, lyklar, bein, öskjur úr pappa og áli, áldollur og plastdósir af ýmsum stærðum, hólkar úr pappa og plasti, bönd, steinar, keilur, bréfpokar, tappar af ýmsum stærðum, tvinnakefli, skeljar, badmintonkúlur og margt fleira. Efnivið er geymt í aðgengi- legum plastkössum/boxum sem auðveldar tiltekt.

Með könnunarleik fær barnið tækifæri til að skoða hluti og tengja þá sínum reynsluheimi. Einn lykill getur til dæmis gefið barni tækifæri til að fara í bíltúr eða flugferð og ferðast um heiminn.

Könnunarleikurinn stendur í um það bil 30 mínútur. Börnin sökkva sér í leikinn og gleyma oft stund og stað. Tiltekt í lok tímans er einn þáttur leiksins þar sem kennarinn er með, spjallar við börnin og fær þau til að safna saman efninu og flokka í plastkassa/box. Í tiltektinni tengja börnin saman orð og hluti og æfa hugtakaskilning sinn.

Könnunarleikurinn gefur okkur gott tækifæri til að fylgjast með börnunum þróa sig áfram og njóta þess að vera í uppgötvunarleik. (Goldschmied & Jackson, 1995).





8.4 Lífsleikni

Í lífsleikni er notað námsefnið *Stig af stigi* til þess að þjálfar og auka félags- og tilfinningaþroska barna. Námsefnið er fyrir 4 – 6 ára börn og skiptist í þrjá hluta:

- I. Innlifun
- II. Að leysa úr vanda
- III. Sjálfsstjórn

Stig af stigi býður upp á tækifæri til að ræða tilfinningar, æfa börn í að leysa úr vanda og kenna þeim aðferðir við að hafa stjórn á sjálfum sér og tilfinningum sínum.

Gengið er út frá því að tilfinningagreind sé lærð og er því færni sem hægt er að kenna. Markmið með kennslunni er m.a. að kenna börnum:

- Að lesa í tilfinningar sínar og annarra og vinna úr þeim
- Að leysa úr vanda og nota til þess félagslegan skilning
- Að kunna að umgangast reiði og draga úr æsingi

8.5 Könnunaraðferðin

Könnunaraðferðin gengur út á það að tekið er fyrir ákveðið þema eða viðfangsefni og síðan er gerð ítarleg rannsókn á því, út frá áhuga barnanna. Viðfangsefnið er venjulega tekið úr umhverfi sem börnin þekkja og það nálgast þannig að það hafi persónulega merkingu fyrir barnið. Efnið getur verið ákvarðað af börnunum sjálfum eða kennaranum, en það er áhugi barnanna sem ræður ferðinni. Hægt er að vinna með þessari aðferð með stórum eða litlum hópum barna, í lengri eða skemmri tíma.





Aðalmarkmið könnunaraðferðarinnar er að þroska áhuga ungra barna og þá er ekki einungis verið að tala um hæfni og þekkingu heldur líka um tilfinningalega, siðferðilega og fagurfræðilega þætti. Við göngum út frá því hvaða þekkingu barnið hefur og hvernig má efla hana. Við aðstoðum barnið við að afla sér upplýsinga um efnið og skilgreinum hugtök þannig að það geri sér grein fyrir tengslum og merkingu þess. Við hvetjum börnin til að rannsaka og spyrjum þau opinna spurninga, þannig náum við fram áhuga og þau þjálfast í að setja orð á hugsanir sínar.

Könnunaraðferðinni er skipt upp í þrjú stig sem tákna upphaf, miðju og endi.

- 1. stig:** Viðfangsefnið er afmarkað, við spyrjum spurninga og setjum upp vef. Kennarinn ræðir við börnin um rannsóknarefnið til að komast að því hvaða reynslu þau hafa og hvað þau vita um efnið
- 2. stig:** Leitað er svara, athugað, skráð og haldnar umræður um efnið. Börnin fá einnig tækifæri til að fara í vettvangsferðir og leitað er eftir mögulegum upplýsingum frá sérfróðum aðilum.
- 3. stig:** Endurskoðun og mat fer fram og ákveðnir þættir eru valdir til kynningar fyrir aðra í leikskólanum og jafnvel foreldra. Lokahönd er lögð á verkefnið og kennarinn aðstoðar börnin við að velja efni sem á að hafa á sýningu. Mikilvægt er að börnin fái tækifæri til að koma hugmyndum og vinnu sinni á framfæri.

Nánir upplýsingar á heimasíðunni: teigasel.is/deildir/hateigur/konnunaradferdin

8.10 Útikennsla

Í leikskólanum er starfrækt útiteymi sem skipuleggur og heldur utan um útikennslu. Áhersla er lögð á að farið sé einu sinni í viku að lágmarki í gönguferð og þá er tekið mið af þroska og getu barnanna. Allar deildir eiga bakpoka sem er útbúinn sérstaklega í langferðir. Eru starfsmenn hvattir til að kynna fyrir börnunum nánasta umhverfi leikskólans og skoða það í þessum ferðum.





Samkvæmt reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010 skal á vegum sveitarfélaga vera rekin sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla. Í þeirri þjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og kennara þeirra. Það er í höndum sveitarfélaganna hvernig fyrirkomulagi sérfræðiþjónustunnar er háttað innan leikskólanna. Viðurkenndir greiningaraðilar meta hvort barn þarf sérstaka aðstoð eða þjálfun og er sú þjónusta undir handleiðslu sérfræðinga samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra og sérfræðiþjónustu í samráði við foreldra.

Akraneskaupstaður hefur mótað starfsreglur um sérkennslu í leikskólum á Akranesi, sjá nánar netslóð: akranes.is/stjornsysla/reglur-og-samthykkir/grs_id/655/ (sótt af vef 26.11.2013).

Árið 2010 var farið af stað með atferlisþjálfun í Teigaseli að ósk foreldra einhverfs barns. Ekki hafði verið boðið áður upp á þessa aðferð í leikskólum á Akranesi. Sótt var um styrk í Sprotasjóð til að innleiða atferlisþjálfun í leikskólann.

Markmið okkar með því að sækja um í Sprotasjóð var:

- að innleiða atferlisþjálfun sem aðferð í vinnu með einhverf börn og börn með raskanir á einhverfurófi, til viðbótar við þau vinnubrögð sem til staðar eru
- að byggja upp sérfræðipekkingu í leikskólanum við kennslu einhverfra barna
- að kennarar geri kennsluefni sem nýtist í atferlisþjálfun
- að leggja grunn að því að Teigasel verði móðurskóli atferlisþjálfunar á Akranesi

Atferlisþjálfun byggir á aðferðum hagnýtrar atferlisgreiningar. Hagnýt atferlisgreining er vísindagrein sem fæst við rannsóknir á lögmálum hegðunar og leggur áherslu á að hagnýta þá þekkingu á ýmsum sviðum mannlífsins. Atferlisþjálfun er markviss, árangursrík og viðurkennd leið sem hefur verið þróuð til þess að hafa áhrif á hegðun og byggja upp margvíslega færni, meðal annars hjá börnum með röskun á einhverfurófi.

9. Sérkennsla

10. Atferlisþjálfun - móðurskóli



11. Umhverfis- stefna Teigasels

Markmið með umhverfisstefnu Teigasels er að stuðla að vitundarvakningu um umhverfismál hjá starfsfólki og nemendum leikskólans, að stuðla að því að nemendur verði meðvitaðir um náttúruna og læri að bera virðingu fyrir henni.

Þær leiðir sem við förum hér í Teigaseli eru:

- nýta pappír vel, lita báðum megin og endurvinna afgangspappír
- draga úr pappírnotkun, prenta báðum megin á blöðin þegar það er hægt
- flokka pappír hvort sem hann er endurvinnanlegur eða ekki
- bylgjupappír fer í grænu endurvinnslutunnuna
- svört tunna er staðsett í miðju húsinu og þangað skal endurnýtanlegur pappír fara
- skola mjólkurfurnur
- endurnýta þær umbúðir sem falla til í eldhúsinu
- nýta brauðpoka undir óhreina vettlinga
- nýta dósir og pakka undan matvörum
- í eldhúsi og kaffistofu skal flokka plast og málma
- rafhlöðum er safnað saman og skilað í tunnur á bensínstöðvum
- spilliefnum skal skilað á viðeigandi staði
- velja umhverfisvottaðar vörur
- minnka orku- og vatnsnotkun innan leikskólans
- slökkva ljós í mannlausum herbergjum
- spara hitunarkostnað með því að hafa ofna ekki of hátt stillta og láta ekki dyr standa opnar að óþörfu, til dæmis þegar kalt er í veðri
- kaupa vörur og þjónustu frá nærbyggð þegar það er hægt
- velja íslenskar vörur fram yfir erlendar og reyna að versla heldur í heimabyggð

Ræktun: Á hverju ári setja nemendur í Teigaseli niður kartöflur og eru þær teknar upp að hausti. Nemendur sjá um að þrifa og flokka kartöflur eftir stærð. Þær eru síðan soðnar og borðaðar. Nemendur fá líka nokkrar kartöflur með sér heim. Einnig eru gróðursett fræ, þar sem börnin fylgjast með ferlinu frá því að fræ spírar og þar til það er orðið planta.

Hreinsunardagur: Dagur umhverfisins er 25. apríl og þá taka kennarar og nemendur sig til og tína allt rusl í garðinum og fyrir utan hann líka. Svo er allt ruslið sett í ruslapoka og það vigtað.



Áætlað er að leikskólinn sækir um í ágúst 2014 að vera „á grænni grein“.

Sjá umsóknarferli á netslóð: landvernd.is/graenfaninn/Thattaka/Viltu-komast-a-graena-grein (sótt á netið 24. nóvember 2013).

12. Á grænni grein

13.1 Afmæli leikskólans

Leikskólinn var vígður þann 6. september 1998 og er þess minnst á hverju ári. Nemendur fá andlitsmálningu, sunginn er afmælissöngurinn, fáninn dreginn að húni og farið er í skrúðgöngu um bæinn.

13. Viðburðir

13.2 Umferðarfræðsla

Að hausti er lögð megináhersla á notkun endurskinsmerkja og bílbelta. Við förum í gönguferðir og æfum okkur í umferðarreglum. Á vorin leggjum við að auki áherslu á hjólreiðar og notkun reiðhjólahlálma og ljúkum þeirri vinnu með því að hafa hjóladag og þá fá allir að koma með hjólið sitt og hjálminn í leikskólann.

13.3 Vökudagar

Leikskólabörn taka þátt í menningarhátíðinni Vökudagar með beinum og óbeinum hætti. Tíðkast hefur að leikskólarnir standi fyrir sýningum og öðrum uppákomum, en það getur verið breytilegt frá ári til árs með hvaða hætti það er.

13.4 Dagur íslenskrar tungu

Þann 16. nóvember ár hvert, á Degi íslenskrar tungu, er fæðingardags Jónasar Hallgrímssonar minnst með sameiginlegri samverustund í sal þar sem börnin flytja íslenskar vísur og ljóð sem þau hafa verið að æfa.

13.5 Jólaskemmtun

Haldin er jólaskemmtun í desember og taka börnin virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd hennar. Sýndir eru leikþættir, sungin jólalög, farið með vísur og fleira. Endað er á því að dansa í kringum jólatréð.

13.6 Þorri

Í tilefni af bóndadegi borða allar deildir saman þorramat í salnum. Í tengslum við þorran er unnið með „gamla“ tímann, lesnar þjóðsögur og íslensk ævintýri, við höldum rafmagnslausan dag, heimsækjum byggðasafnið og fleira. Hefð hefur skapast fyrir því að stúlkurnar gleðja drengina á bóndadegi og þeir síðan endurgjalda það á konudegi.



13.7 Tannverndarvika

Alþjóðleg samtök tannlækna hafa ákveðið að 12. september ár hvert skuli vera alþjóðlegur tannverndardagur. Á Íslandi er tannverndarvika yfirleitt í fyrstu viku febrúarmánaðar ár hvert. Í þeirri viku leggjum við áherslu á tannvernd og hollt mataræði og þá er gjarnan farið í heimsókn til tannlæknis.

13.8 Dagur stærðfræðinnar

Dagur stærðfræðinnar er fyrsta föstudag í febrúar og í tilefni af því vinna nemendur verkefni sem tengjast stærðfræði á einhvern hátt.

13.9 Dagur leikskólans

Að frumkvæði Félags leikskólakennara var ákveðið að 6. febrúar verði tileinkaður leikskólum á Íslandi, en þann dag árið 1950 var fyrsta félag leikskólakennara stofnað. Markmiðið með degi leikskólans er m.a. að gera leikskólastarfið sýnilegra og skapa jákvæða ímynd leikskólans. Á þessum degi bjóðum við ömmum og öfum að koma og vera með barnabörnum sínum. Boðið er upp á veitingar og fá ömmur og afar hálsmen með formi og lit þeirrar deildar sem barnabarnið er á. Þannig tengjum við stærðfræðina líka við þennan dag.

13.10 Öskudagurinn

Á öskudaginn erum við með náttfataball en þá mega allir koma í náttfötum og við bjóðum börnunum upp á andlitsmálun. „Kötturinn“ er sleginn úr tunnunni á sal og allir fá poppkorn að lokum. Vegna nálægðar skólans við miðbæinn er gjarnan farið niður í bæ til að sjá mannlífið þar á þessum skemmtilega degi og taka þátt í honum með því að syngja í búðum eða stofnunum.





13.11 Dagur umhverfisins

Dagur umhverfisins er 25. apríl og í tilefni hans förum við og hreinsum rusl í nánasta umhverfi leikskólans. Börnin tína rusl sem er síðan vigtað og þannig tengt við stærðfræðivinnu okkar.

13.12 Vorskóli

Á vorin fara elstu börnin á Háteig í vorskóla. Þau heimsækja þann grunnskóla sem þau eru innrituð í haustið eftir. Vorskólinn stendur í fjóra daga sem lýkur með svokölluðu „húllum-hæi“ þar sem leikskólabörn og fyrstu bekkingar gera sér glaðan dag. Vorskólinn er lokahnykkur á Brúum bilið samstarfi vetrarins.

13.13 Fjölskyldudagurinn – opið hús

Í tilefni af alþjóðadegi fjölskyldunnar 15. maí höfum við opið hús í leikskólanum. Listaverk eftir börnin eru höfð til sýnis og börnin sýna skemmtiatriði á sal eða úti í garði ef veður leyfir.

13.14 Árgangahittingur leikskólabarna á Akranesi

Í maí á hverju ári hittast árgangar nemenda í leikskólum Akraneskaupstaðar. Yngsti árgangurinn hittist í Vallarseli, næst yngsti í Akraseli, næst elsti í Garðaseli og elsti árgangur í Teigaseli. Tilgangur með þessum hittingi er að nemendur kynnist innbyrðis, fái að leika sér saman inni eða úti og borða saman.

13.15 Sveitaferð

Í maí fara öll börn nema útskriftarhópurinn í sveitaferð. Oftast hefur verið farið að Bjartheyjarsandi í Hvalfirði en þar er tekið á móti leikskólabörnum á höfðinglegan hátt. Auk þess að heimsækja fjárhúsið er farið í fjöruna þar sem ábúendur eru búnir að koma upp aðstöðu til að skoða ýmis sjávardýr.

13.16 Útskrift 6 ára barna

Í maí hefst undirbúningur fyrir útskrift 6 ára barnanna. Hópurinn fer í útskriftarferð í Skátafell í Skorradal og gistir þar eina nótt. Börnin taka þátt í að undirbúa ferðina, hvað á að gera, borða og fleira. Á sjálfan útskriftardaginn er hátíðleg athöfn í sal Brekkubæjarskóla þar sem börnin sýna skemmtiatriði, afhent eru útskriftarskjöl og að lokum er haldin veisla í boði foreldra.

13.17 Sjómannadagurinn

Á föstudegi fyrir sjómannasunnudag förum við niður að höfn í pokahlaup, reiptog og fleira. Það má líta á þetta sem viðleitni til að halda í þessa menningararfleifð okkar, en undanfarin ár hafa hátíðarhöld tengd sjómannadeginum verið á undanhaldi. Á heimleiðinni skoðum við styttna af sjómanninum á Akratorgi en hann er minnisvarði um druknaða sjómenn.



14. Brúum bilið - tengsl skólastiga

Í lögum og Aðalnámskrám bæði leik- og grunnskóla er kveðið á um að sveitarstjórnir skuli koma á samstarfi milli skólastiganna. Grunnur að slíku samstarfi var lagður með samstarfi Grundaskóla og Garðasels árið 1994. Formlegt samstarf á milli leikskóla og grunnskóla á Akranesi hófst þegar rekstur grunnskóla fluttist yfir til sveitarfélaganna og skólaskrifstofa Akraness tók til starfa 1996.

Starfshættir og umhverfi í leik- og grunnskólum eru ólíkir. Því eru oft miklar breytingar fyrir nemendur að fara á milli þessara skólastiga.

Markmið með samstarfinu Brúum bilið er að:

- tengja skólastigin saman
- skapa samfellu í námi og kennslu nemenda á þessum tveimur skólastigum
- byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á báðum skólastigum
- stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla
- skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli þessara skólastiga

Teigasel og Brekkubæjarskóli eru í samstarfi með að brúa bilið milli skólastiganna. Áður en 5 ára börnin heimsækja samstarfsskólann fara þau í skólastjóraheimsóknir í báða grunnskólana. Í skólastjóraheimsóknum tekur skólastjórinn á móti hópnum og kynnir skólann fyrir honum. Þessar heimsóknir fara alla jafna fram í septembermánuði.

Í október hefjast svo skólaheimsóknir þar sem börnin fara í heimsókn í fyrsta bekk. Hvert barn fer í 2-3 heimsóknir á hvorri önn. Auk þess fara þau í nokkrar Morgunstundir hjá Brekkubæjarskóla yfir veturinn. Börnin fara í leikfími einu sinni í viku, allan veturinn.

Nánar um samstarf leik- og grunnskóla má lesa á heimasíðu leikskólans: teigasel.is/deildir/hateigur/bruum-bilid (tekið af heimasíðunni 27.11 2013).

15. Starfs- áætlun og viðburða- dagatal

Leikskólinn gerir starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahaldið. Áætlunin gildir frá 1. september til 31. ágúst ár hvert. Í viðburðadagatalinu koma fram dagsetningar á föstum viðburðum leikskólans.

Sjá má starfsáætlun á heimasíðu leikskólans:

teigasel.is/Files/Skra_0061237.pdf (tekið af netinu 25. nóvember 2013).

Sjá má viðburðaáætlun á heimasíðu leikskólans:

teigasel.is/Files/Skra_0062997.pdf (tekið af netinu 25. nóvember 2013).



Mat á leikskólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda. Tilgangur matsins er að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Mat á leikskólastarfi er tvenns konar, annars vegar innra mat sem skólarnir framkvæma sjálfir og hins vegar ytra mat sem utanaðkomandi aðilar vinna á vegum sveitarfélags, ráðuneytis Mennta- og menningarmála og/eða annarra aðila. (Aðalnámskrá, 2011)

16. Mat á leikskóla- starfi

16.1 Innra mat í leikskóla

Hér má sjá þá þætti sem eru lagðir til grundvallar innra mati í Teigaseli

Verk- þáttur nr.	Tími	Verkþættir	Ábyrgð
1	SEPTEMBER	Deildarnámskrá	Deildarstjórar
2	SEPTEMBER	Viðburðadagatal	Skólastjóri / aðstoðarskólastjóri
3	SEPTEMBER	Hljóm-2	Sérkennslustjóri
4	OKTÓBER	Viðhorfskönnun vegna þátttökuaðlögunar	Skólastjóri / aðstoðarskólastjóri
5	OKTÓBER	Foreldraviðtöl	Deildarstjórar / leikskólakennarar
6	NÓVEMBER	Leiðbeiningarsamtöl	Deildarstjórar
7	JANÚAR	Starfsmannasamtöl	Skólastjóri / aðstoðarskólastjóri
8	FEBRÚAR	Könnun á líðan elstu barna	Skólastjóri / aðstoðarskólastjóri
9	MARS	Foreldraviðtöl	Deildarstjórar / leikskólakennarar
11	MAÍ	Viðhorfskönnun foreldra frá öllum deildum	Skólastjóri / aðstoðarskólastjóri

16.2 Ytra mat í leikskóla

Kannanir eru gerðar annað hvert ár á vegum Fjölskyldustofu. Foreldrar elsta og yngsta árgangs svara könnun og leggja þannig sitt mat á starfsemi leikskólans.

Könnun er gerð meðal starfsmanna með reglubundnum hætti, sem skólastjórnendur sjá um. Fjölskyldustofa getur svo lagt könnun fyrir starfsmenn og foreldra um ýmis málefni sem varða leikskólamál á Akranesi.



17. Foreldra- samstarf

Samvinna sem byggir á gagnkvæmu trausti og jákvæðni er forsenda fyrir árangursríkri dvöl og líðan barnsins í leikskólanum. Foreldrar eru hvattir til að taka þátt í því samstarfi sem er í boði hverju sinni. Ýmsar hefðir eru í skólastarfinu þar sem leitast er eftir því að bjóða foreldrum inn í skólann. Með góðri samvinnu gengur allt miklu betur og velferð barnanna er í brennidepli.

17.1 Nýir nemendur

Í upphafi skólagöngu barna boðar leikskólastjóri foreldra nýju barnanna á sameiginlegan fund. Með fundarboðinu sendir hann pappíra sem foreldrar eru beðnir um að fylla út og koma með á fundinn. Á fundinum er farið yfir starfsemi leikskólans og starfsfólk deildarinnar, ásamt stjórnendum skólans er kynnt. Farið er yfir framkvæmd þátttökuaðlögunar og foreldrar fá að vita hvenær þeirra barn fær að byrja í aðlögun.

17.2 Þátttökuaðlögun

Barnið þarf að fá góðan tíma til að kynnast leikskólanum og starfsfólki því góð aðlögun hefur mikla þýðingu varðandi áframhaldandi dvöl barnsins. Á þessu tímabili kynnast barn og foreldrar starfsfólki leikskólans og starfsemi hans. Þegar barn byrjar í leikskóla er nauðsynlegt að hafa í huga þær breytingar sem það hefur í för með sér fyrir barnið. Það þarf að aðlagast nýju umhverfi, nýju fólki, læra að vera í hóp, fara eftir reglum og fleira.

Þátttökuaðlögun byggir m.a. á þeirri trú að foreldrar yfirfæri eigin öryggiskennd og forvitni í þessum nýju aðstæðum á börnin sín. Með því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og það nám sem fram fer í leikskólanum. Þeir kynnast kennurunum, öðrum börnum og foreldrum. Hugmyndafræðin á bak við þetta nýja ferli aðlögunar er **Öruggir foreldrar = örugg börn**. Þátttökuaðlögun byggir á að foreldrar séu með börnum sínum í þrjá daga:

Dagur 1 frá kl. 9:00 -11:00

Dagur 2 frá kl. 8:30 -15:00

(ef barn er til 12 eða 14 þá miðast lokatími við þann tíma)

Dagur 3 frá kl. 8:00 -15:00

(ef barn er til 12 eða 14 þá miðast lokatími við þann tíma)

Foreldrar eru inni á deild með börnum sínum allan tímann (nema þegar þau sofa). Þeir sinna börnum sínum, skipta á þeim, gefa þeim að borða, leika með þeim og eru til staðar. Kennarar eru virkir þátttakendur í aðlöguninni, þeir skipuleggja og stýra verkefnum dagsins.



Á fjórða degi koma börnin á sínum tíma um morguninn og kveðja foreldrana fljótlega. Einstaka börn þurfa að hafa foreldra sína með sér í fjóra daga en reynslan sýnir að þau eru fá.

17.3 Foreldraráð

Foreldraráð starfar eitt skólaár í senn þ.e. frá 1. september til og með 31. ágúst ár hvert og fundar eftir þörfum. Fulltrúar í ráðinu og starfsreglur þess skal kynna á heimasíðu leikskólans. Leikskólastjóri skal upplýsa ráðið um þau mál sem snert geta starfsemi skólans. Ráðið skal halda fundargerðir og sjá til þess að þær séu aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

Leitast skal við að í ráðinu séu foreldrar barna á mismunandi aldurstigum þannig að að minnsta kosti einn fulltrúi haldi áfram næsta ár á eftir til að tryggja samfellu í starfi ráðsins.

Í upphafi hvers skólaárs óskar starfandi foreldraráð eftir nýjum framboðum. Það skal gert með tölvupóstsendingu til allra foreldra með leiðbeiningum um hvert skuli tilkynna framboð. Séu fleiri en þrír að bjóða sig fram skal kosið um fulltrúa í ráðið.

Foreldraráð starfar með leikskólastjóra og skal vera tengiliður við aðra foreldra. Foreldraráð skal beita sér fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum í samskiptum við foreldra, leikskólastjóra og bæjaryfirvöld.

17.4 Foreldrafélag

Í Teigaseli er starfrækt foreldrafélag og sér það um ýmsa viðburði. Í stjórn félagsins skulu vera 6 fulltrúar auk fulltrúa starfsmanna og





leikskólastjóra. Miðað er við að hver fulltrúi sitji í stjórn eigi skemur en 2 ár. Á fyrsta fundi vetrar skal stjórn skipta með sér verkum. Skipa skal formann, gjaldkera og ritara, auk meðstjórnanda.

Stjórn félagsins sér um að innheimta barnasjóð tvisvar á ári. Sjóðnum er ætlað að standa straum af ýmsum upphákomum s.s. vöfflukaffi, adventustund, leiksýningum, sumarahátíð og fleira. Einnig er hann ætlaður til gjafakaupa fyrir leikskólann ef efni standa til. Enn fremur hefur félagið, bæði eitt og sér og í samvinnu við önnur foreldrafélög, staðið fyrir fyrirlestrum ætluðum foreldrum og starfsfólki.

Markmið með félaginu er að:

- efla tengsl á milli heimilis og leikskóla
- koma sjónarmiðum á framfæri
- efla kynni foreldra innbyrðis og við starfsmenn leikskólans
- koma á umræðu um fræðslufundi um uppeldis- og skólamál í samráði við leikskólann
- taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög og samtök foreldra
- tryggja sem besta velferð barna í leikskólanum

17.5 Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, að hausti og svo aftur að vori. Í fyrra viðtalinu er farið yfir aðlögun og líðan barnsins, hvað gengur vel og hvað má betur fara. Að vori er farið yfir þroskamát sem starfsmenn deildarinnar hafa fyllt út.

17.6 Skagaforeldrar

Skagaforeldrar eru samtök foreldrafélaga á Akranesi. Samtökin samanstanda af fulltrúum og varafulltrúum úr hverjum skóla (leikskóli, grunnskóli og fjölbrautaskóli) á Akranesi og einum starfsmanni Akraneskaupstaðar.

Markmið samtakanna eru:

- að standa vörð um réttindi barna til menntunar og þroska
- að beita sér fyrir auknum áhrifum foreldra á skólastarf
- að stuðla að skipulegu samstarfi aðildarfélaganna
- að vera sameiginlegur málsvari foreldra gagnvart sveitarfélagi og stjórnvöldum



Markmiðum þessum hyggjast samtökin ná meðal annars með því:

- að fylgjast með framkvæmd leik-, grunn- og framhaldsskólalaga og námskrám og beita sér fyrir umbótum í skólastarfi
- að afla reglulega upplýsinga um starf foreldrasamfélagsins og miðla þeim
- að stuðla að opinberri umræðu um skóla- og uppeldismál, m.a. með ársþingum, félagsfundum, málþingum, ráðstefnum, greinaskrifum og myndun starfshópa
- að starfa með öðrum samtökum og félögum sem sinna mál-efnum barna og foreldra á Íslandi og í nálægum löndum í samstarfi við Landssamtökin Heimili og skóla

Sjá frekari upplýsingar um starfsreglur samtakanna á heimasíðu þeirra skagaforeldrar.is

Á heimasíðuna okkar eru settar inn fréttir, hagnýtar upplýsingar, myndir og annað úr starfinu. Heimasíðan er virk og lagt er upp með að upplýsa foreldra um sem flesta hluti úr starfi leikskólans. Á heimasíðunni má finna upplýsingar um starfsfólk leikskólans og netföng þeirra. Hver deild er með sína síðu þar sem upplýsingar um starfið eru aðgengilegar til dæmis deildarnámskrá, hópaskiptingar, myndir og fleira.

18. Heimasíða





19. Samstarfs- aðilar

19.1 Aðrir leikskólar

Samstarf er á milli allra leikskóla á Akranesi. Stjórnendur funda einu sinni til tvisvar sinnum í mánuði, sérkennslustjórar einu sinni í mánuði og deildarstjórar tvisvar á ári.

19.2 Bókasafn Akraness

Síðustu ár höfum við verið með bókakoffort frá Bókasafni Akraness með bókum sem við lánum til barna og foreldra. Er þetta gert til þess að þjónusta foreldra betur og hvetja þá til að lesa fyrir börn sín.

Einnig förum við í sögustundir og í heimsóknir á bókasafnið til að fá lánaðar bækur.

19.3 Brekkubæjarskóli

Með árunum hefur náðið og gott samstarf myndast á milli Teigasel og Brekkubæjarskóla. Við fáum salinn í Brekkubæjarskóla lánaðan þegar elstu börnin í Teigaseli útskrifast úr leikskólanum. Elstu börnin fá leikfímistíma einu sinni í viku yfir veturinn hjá leikfímiskennara í íþróttahúsinu við Vesturgötu. Við fáum nemendur úr unglingadeildinni í starfskynningu í samvinnu við námsráðgjafa skólans. Börn úr sérdeildinni hafa komið í starfskynningu og einnig hafa börn af leikskólanum sem fara í sérdeildina farið í reglulegar heimsóknir yfir veturinn. Nemendur úr Brekkubæjarskóla hafa komið og lesið fyrir börnin í leikskólanum en einnig hafa þeir tekið við þau viðtöl, til dæmis í tengslum við þemadaga. Okkur hefur verið boðið á morgunstundir og ýmsar aðrar sýningar.

19.4 Byggðasafnið að Görðum

Árlega eru farnar ferðir í Byggðasafnið og þar fengin fræðsla og leiðsögn um svæðið.

19.5 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Samstarf við Fjölbrautaskóla Vesturlands hefur verið með þeim hætti undanfarin ár að tveir kennarar, í sálfræði og uppeldisfræði, hafa haft samband og fengið að koma með hópa í kynnisheimsóknir í leikskólann. Nemar á iðnbrautum hafa komið í leikskólann og tekið að sér ýmis verkefni, t.d. gert við bílaða hluti á vettvangi.

19.6 Fjölskyldusvið

Framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs er næsti yfirmaður leikskólastjóra og veitir hann stjórnunarlega ráðgjöf. Með honum starfar verkefnastjóri fjölskyldusviðs. Leikskólastjórar og framkvæmdastjóri ásamt verkefnastjóra funda einu sinni í mánuði um ýmis mál sem varða leikskólana. Undir Fjölskyldusviði



vinna félagsmálastjóri og ýmis mál eru unnin í samvinnu við hann. Ef upp koma barnaverndarmál er unnið með þau í samvinnu við barnaverndarnefnd.

19.7 Grundaskóli

Við eigum gott samstarf við Grundaskóla, okkur er boðið á hinar ýmsu sýningar og viðburði í skólanum. Þau börn sem fara í Grundaskóla um haustið fá að fara í heimsókn að vori áður en þau fara í vorskólann og er það hluti að Brúum bilið samstarfinu.

19.8 Samstarf við greiningaraðila – stoðþjónusta

Sérkennslustjóri heldur utan um allt samstarf við greiningaraðila svo sem skólasálfræðing, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, iðjupjálfa, sjúkrapjálfa og talmeinafræðinga, eftir því sem við á hverju sinni.

Skólasálfræðingur Brekkubæjarskóla er ráðgefandi varðandi þau börn sem það þurfa og fyrir foreldra þeirra, ásamt því að sinna ráðgjöf til starfsmanna leikskólans.

19.9 Samstarf við háskóla

Teigasel er samstarfsskóli Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og tekur á móti nemum í verklegt nám.

19.10 Samstarf við heilsugæslu

Samvinna við heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands hófst í janúar 2003. Skólahjúkrunarfræðingur Brekkubæjarskóla hefur séð um framkvæmd á þroskaskoðunum. Hún kemur að meðaltali tvisvar sinnum í mánuði eða eftir því hvernig börnin raðast niður eftir fæðingardegi. Sá háttur hefur verið hafður á að leikskólinn gefur heilsugæslunni upp hvaða börn í leikskólanum eiga að fara í umræddar skoðanir og Heilsugæslan úthlutar síðan foreldrum tíma.

19.11 Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar

Teigasel er í samstarfi við Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar um eldvarnir í leikskólanum. Börnin á Háteig taka virkan þátt í því starfi með reglubundnu eftirliti.

Börnin fá sérstaka viðurkenningu og möppu með verkefnum og upplýsingum um eldvarnir. Þau hafa möppuna með sér heim og skilar fræðslan sér þannig til heimilanna.



Markmið verkefnisins er þríþætt:

1. að tryggja að eldvarnir í leikskólanum verði ávallt eins og best verður á kosið
2. að veita elstu börnunum fyrstu fræðslu um eldvarnir og kynna fyrir þeim störf slökkviliðsmanna og búnað
3. að minna foreldra og forráðamenn barnanna á mikilvægi þess að hafa eldvarnir heimilisins í lagi og veita þeim leiðbeiningar um hvernig má ná því marki

Útbúið hefur verið fjölbreytt og vandað fræðsluefni og önnur gögn í þessu starfi. Sérstakir aðstoðarmenn slökkviliðsins í verkefninu eru slökkviálfarnir Logi og Glóð sem eru jafnframt helsta auðkenni verkefnisins.

Innan leikskólans er starfandi brunateymi sem sér um reglulegt eftirlit með brunavörnum leikskólans.

19.12 Tveir Gómar - tannlæknastofan við Laugarbraut

Farið er með næst elstu börnin í heimsókn til tannlæknis. Þar fá þau að prófa að setjast í stólinn og sjá þau tæki sem tannlæknirinn notar. Þetta er liður í tannvernd og er gert til þess að börnin fái jákvæða upplifun af heimsókn til tannlæknisins.





Í minningu og til heiðurs konunum sem voru frumkvöðlar í dagvistun barna á Akranesi prýða *Námskrá Teigasels* gamlar myndir af dagheimilinu Vorboðanum og leikskólanum Akraseli við Víðigerði.

Myndirnar eru birtar með góðfúslegu leyfi Ljósmyndasafns Akraness. Myndhöfundar eru Árni S. Árnason, Friðbjófur Helgason, Helgi Daníelsson og Ólafur Árnason.







Heimilda- skrá

- Aðalnámskrá leikskóla(2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Akraneskaupstaður. Starfsreglur varðandi sérkennslu í leikskólum á Akranesi. (sótt af vef 26.11.2013). akranes.is/stjornsysla/reglur-og-samthyktir/grs_id/655.
- Goldschmied, E., Jackson S. (1995) People under three. London. Routledge.
- Landvernd. Umsókn um græna grein. (sótt af vef 24. nóvember 2013). landvernd.is/graenfaninn/Thattaka/Viltu-komast-a-graena-grein.
- Leikskólinn Teigasel. Brúum bilið. (sótt af vef 27.11 2013). teigasel.is/deildir/hateigur/bruum-bilid.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (Sótt af vef 26.11. 2013) stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=49e415e2-dca6-4822-9b99-b2b6d1c326f4.

